

## SAMÞYKKT

### um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Grindavíkurkaupstaðar, nr. 867/1999.

#### 1. gr.

1. mgr. 44. gr. verður svohljóðandi:

Bæjarstjórn skal á fyrsta fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum kjósa þrjá bæjarfulltrúa í bæjarráð til eins árs. Aðalmenn í bæjarstjórn eru einir kjörgengir sem aðalmenn í bæjarráð. Aðal- og varamenn í bæjarstjórn eru varamenn í bæjarráði og taka sæti í þeirri röð sem þeir eru kosnir þegar aðalmenn forfallast.

#### 2. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á B-lið 57. gr. samþykktarinnar:

a. 4. tölul. verður svohljóðandi:

*Skipulags- og byggingarnefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara, sbr. 6 gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Nefndin fjallar einnig um umferðarmál sbr. heimild í 2. mgr. 116. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Nefndin skal vera bæjarstjórn til ráðgjafar um atvinnumál í bænum.

b. 15. tölul. verður svohljóðandi:

*Fræðslu- og uppeldisnefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara, sbr. 13. gr. laga um grunnskóla nr. 66/1995. Nefndin fer einnig með málefni leikskóla skv. 9. gr. laga um leikskóla nr. 78/1994 og málefni tónlistarskóla skv. 2. gr. laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985.

c. 13. tölul. verður svohljóðandi:

*Meningarnefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin fjallar um menningarmál í bænum. Jafnframt bókasafnsmál skv. 7. gr. laga um almenningubókasöfn nr. 36/1997.

d. Ákvæði 2., 16. og 17. tölul. falla brott.

#### 3. gr.

62. gr. verður svohljóðandi:

Bæjarstjóri ásamt viðkomandi forstöðumanni ræður aðra starfsmenn deilda og stofnana en þá sem greinir í 61. gr., nema á annan veg sé mælt í reglugerð eða reglum sem bæjarstjórn hefur sett.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Grindavíkurkaupstaðar hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytinu, 6. mars 2003.*

F. h. r.

**Gardar Jónsson.**

*Guðjón Bragason.*